



Vestfjarðastofa

Alþingi, umhverfis- og samgöngunefnd
Umsagnargátt Alþingis



Ísafirði 17. apríl 2026

Umsögn frumvarp til laga um Einföldun regluverks og aukin skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum (einföldun eftirlits), 582. mál 157. löggjafarþing

Þökkun er beiðni umhverfis og samgöngunefndar til Fjórðungssambands Vestfirðinga um umsögn að frumvarpi til laga um *Einföldun regluverks og aukin skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum (einföldun eftirlits), 582. mál* og þakkaður veittur frestur til að skila umsögn.

Fyrri afstaða og árétting.

Í fyrri umsögnum í Samráðsgátt hafa Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband Vestfirðinga lýst andstöðu við þá vegferð að færa verkefni matvælaeftirlits¹ frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga. Hið sama á við frumvarp umhverfis- orku og loftlagsráðherra varðandi verkefni heilbrigðisnefnda er varða hollustuvernd og eftirlit².

Starfshópar stjórnvalda hafa ítrekað að gera yrði breytingar á núverandi kerfi m.a. bent á ábendingar frá ESA. Leiðin sé að efla miðlæga stjórnsýslu að hálfu ríkisins fremur en að efla starfsemi sveitarfélaganna á framangreindum sviðum. Það er miður og gegn stefnumörkun stjórnvalda um eflingu opinberrar starfsemi um land allt. Þar sem nýta má tækifæri til að byggja upp starfssemina á þekkingu og sérstöðu atvinnulífs í hverjum landshluta og draga á sama hátt úr umfangi starfsemi miðlægra stofnana en efla á héraðsvísu.

Efling Umhverfis- og orkustofnunar

Markmið frumvarps sem hér er til umfjöllunar eru hinsvegar ljós, að stefnt er að efla starfsemi Umhverfis og orkustofnunar og sama stefna og áður hefur verið lögð fram um að flytja verkefni hollustuverndar og mengunarvarna frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Beinist því umsögn að þeim markmiðum til að koma að sjónarmiðum í þeim efnum.

¹ <https://island.is/samradsgatt/mal/4178> málsnr 58

² <https://island.is/samradsgatt/mal/4150> málsnr 79

Ítrekuð er fyrri afstaða til málsins og umhverfis og samgöngunefnd hvött til að ræða þá afstöðu sem er í takti við afstöðu fjölda annarra aðila, samanber fjölda umsagna í Samráðsgátt sem mæla gegn því að færa störf heilbrigðisnefnda á framangreindu sviði til Umhverfis- og orkustofnunar.

A. Starfsöryggi og starfskjör starfsmanna Heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

Gerð er krafa um að starfsmönnum Heilbrigðisnefndar Vestfjarða í standi jafnt í tryggingu réttinda og starfsreynslu og starfsmenn Umhverfis og orkustofnunar.

Störf þeirra þriggja starfsmanna vinna þvert á verkefni heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og öll sinna þau eftirliti og álistgerðum einnig sá sem sinnir framkvæmdastjórn. Sá hluti sem snýr að hollustuháttum og mengunarvörnum er því ekki sem aðgreint stöðugildi eða hluti stöðugildis. Bráðabrigðaákvæði frumvarpsins um tilgreina stöðugildi er því sniðið að stærri heilbrigðisnefndum þar sem starfsmenn eru sérhæfðum stöðugildum. Starfsmenn smærri heilbrigðisnefnda standa því verr að vígi að falla að kröfum bráðabrigðaákvæðis.

Beint er til umhverfis og samgöngunefndar taka til umfjöllunar að staða starfsmanna heilbrigðisnefnda er mismunandi. Varað er við því að sé þeim ekki tryggð viðundandi staða í Umhverfis- og orkustofnun, má þá fastlega gera ráð fyrir að þeir leyti til annarra starfa og þar með tapist dýrmæt þekking og mögulegt þjónusturof.

B. Fresta gildistöku laga um Einföldun regluverks og aukin skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum (einföldun eftirlits),

Með tillit til umfang málsins og hve seint það kemur fram í Samráðsgátt og til Alþingis þá megi efast um að raunhæft sé að gildistaka laganna hafi viðmið við 1. janúar 2027.

Ber þá að mótmæla því að engin gögn liggja nú fyrir samhæfingu málefnasvið og skipulag innan Umhverfis og orkustofnunar, heldur er í bráðabrigðaákvæði vísað til að undirbúningsfasi hefjist þegar frumvarpið verði afgreitt sem lög.

Lagt er hér til við umhverfis og samgöngunefnd að gildistöku laganna verði frestað og tími nýttur til sveitarfélög og aðra hagaðila uppbygging nýrrar stofnunar og gildistaka verði um mitt ár 2027.

Í kjarnann sagt þá getur löggjafinn ekki úthýst til forstjóra Umhverfis- og orkustofnunar um uppbyggingu starfsemi sem hefur víðtæk áhrif á atvinnulíf í landinu og starfsemi sveitarfélaga.

C. Markmið um öflugar starfstöðva.

Í bráðabrigða ákvæði frumvarpsins er tilgreint varðandi ný störf og fyrirkomulag starfstöðva um landið.

Markmiðið er því ekki að fækka störfum heldur má m.a. gera ráð fyrir að til verði fjölbreytt störf. Áætlað er að um 35– 45 stöðugildi verði til hjá Umhverfis- og orkustofnun við þær breytingar sem mælt er fyrir um í frumvarpi þessu. Þá er það ekki ætlunin með fyrirhuguðum breytingum að flytja störf til milli landshluta heldur má gera ráð fyrir að til verði störf á starfsstöðvum Umhverfis- og orkustofnunar vítt og breitt um landið.

Í umsögn Fjórðungssambands og Vestfjarðastofu um mál 568, frumvarp til laga um Stofnun atvinnuveganna, er tilgreint að í frumvarpinu er ítrekað að stefnt sé að uppbyggingu öflugra starfstöðvar um land allt, sem er í takti við stefnu stjórnvalda um eflingu opinberrar starfsemi utan höfuðborgarsvæðis.

Að mati Fjórðungssambands og Vestfjarðastofu á hið sama við um frumvarp sem hér er til umsagnar. Það er jákvætt er að þessi markmið séu ítrekuð en aftur skal vísað til umfjöllunar um hraða málsins að þá lýsir Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband áhyggjum af framkvæmd.

Áhyggjur beinast að því að það verði byggð upp starfsemi með fáum eða engum föstum stöðugildum, að um of verði einblínt á störf án staðsetningar. Kostir starfa án staðsetningar er að íbúar innan svæða og eða einstaklingar sem vilja setjast þar að, geta sótt um störf. Ókosturinn hefur reynst vera sá að ákveði einstaklingur að flytja af viðkomandi svæði þá tekur hann starfið með sér. Eins er lýst áhyggjum meginhluti starfa utan höfuðborgarsvæðis varði þjónustu en minna er varðar stjórnun og stefnumörkun. Reynslan sýnir einnig að afstaða forstjóra og eða sviðsstjóra stofnana ræður miklu hvernig starfsemi þróast.

Lagt er til við umhverfis og samgöngunefnd að sett verði lagaákvæði sem segir til um setningu viðmiða varðandi skiptingu starfa eftir staðsetningu, eðli starfs og meðallaun á starfstöðvar eða landshluta.

D. Ný tækifæri

Vestfjarðastofa telur hinsvegar að um leið sé að skapast hér stórt tækifæri, sem felist í að byggja upp öflugar rekstareiningar á grundvelli sameiginlega starfsstöðva Umhverfis- og orkustofnunar og Stofnunar atvinnulífsins.

Hér myndu stofnanir vinna saman að verkefnum á sviði umhverfis, hollustu, mengungarvarna og matvælaeftirlits, allt verkefni er sem tengjast Vestfjörðum og er leiðandi á landsvísu s.s. lagareldi og sjávarútvegi auk annarrar matvælaframleiðslu og taka einnig til sín verkefni sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa sinnt.

Hugmyndir þessa efnis hafa komið fram í umsögnum Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands um lagaramma og stefnumörkun lagareldis á síðustu árum. Þar voru stjórnvöld hvött til að nýta tækifæri sem ný atvinnugrein sem stunduð er að meginhluta utan höfuðborgarsvæðis, að auki starfsemi hins opinbera tengt þessari atvinnugrein, verði byggð upp á þeim landssvæðum. Vísað er einnig til markmiða í áætlunum stjórnvalda svo sem í Byggðaáætlun og málefnum sveitarfélaga, um eflingu byggðar um land allt, meðal annars með beinum aðgerðum með uppbyggingu starfsstöðva og fjölgun stöðugilda á vegum stjórnvalda. Ný atvinnustefna ríkisstjórnar hefur einnig sambærileg markmið.

Telja verður að mennta og rannsóknarumhverfi á Vestfjörðum yrði síðan góður bakhjarl fyrir starfsmenn þessara stofnana og samlegðaráhrif augljós. Hér er vísað til að Menntaskólinn á Ísafirði og Háskólasetur Vestfjarða hafa undirbúið námsbrautir á sviði fiskeldis með fyrirmynd frá Noregi og víðar. Þar sem fjármögnun er að stórum hluta fengin með svokölluðum kennslukvíum eða eldishlutdeild sem nýtt er til kennslu og sala afurða til fjármögnunar kennslu og rannsókna.

Starfsemi og þekkingaruppbygging í Rannsóknarsetri Háskóla Íslands í Bolungarvík fellur hér einnig að, en þar stundaðar grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir á lífríki sjávar með áherslu á nærsjó og strandsvæði og nýtingu sjávarafurða. Að lokum er það starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða sem hefur þekkingu á sviði botndýra, heimskauta líffræði auk vöktunarverkefna.

Það ætti einnig að auðvelda framkvæmd að starfsmenn MAST og Fiskistofu eru staðsettir í sambýli með öðrum stofnunum á Ísafirði (m.a. Hafrannsóknastofnun, Veðurstofu og MATÍS) og á Patreksfirði í Vatneyrarbúð. Á þessum starfsstöðvum er áhugi og metnaður fyrir samstarfi og þróun rannsóknarverkefna auk uppbyggingar faglegs eftirlits. Á Hólmavík er einnig samstarf og sambýli stofnana sem er aðlaðandi fyrir nýjar stofnanir að setja upp starfsstöð.

Horft á framangreint í samhengi þá yrði Stofnun atvinnuveganna og Umhverfis og orkustofnun með góðan grunn til að byggja upp aðlaðandi starfsemi sem verði blanda af föstum stöðugildum og störfum án staðsetningar. Fjarlægð og tímasparnaður við þjónustu og eftirlit yrði áfram ásættanlegt, þekking á nærsvæði verður áfram til staðar og eflist, þær verða hluti af öflugri þekkingar og rannsóknarumhverfi. Í sértækum atburðum eða ytra eftirliti geta sérfræðingar utan svæðis haft þá aðgengi að starfstöðvum á Vestfjörðum.

Því er ítrekuð sú afstaða að hve hratt er unnið að sameiningu og sú að starfsemi festist nýrra stofnana festist í ákveðnu fari sem erfitt er að breyta. Beint er til umhverfis- og samgöngunefndar að setja fram álit á þetta tækifæri og ítrekað að löggjafinn geti ekki úthýst til forstjóra um uppbyggingu starfsemi sem hefur víðtæk áhrif á atvinnulíf í landinu og starfsemi sveitarfélaga.

Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsa sig síðan reiðubúin að koma á fund atvinnuveganefndar til að fjalla nánar um efni umsagnar.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri